

2010

Þjóðarspegilinn

Að hemja hundrað flær á hörðu skinni ...

Ofbeldi og refsingar barna

Geir Gunnlaugsson
Jónína Einarsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Að hemja hundrað flær á hörðu skinni ...

Ofbeldi og refsingar barna

Geir Gunnlaugsson
Jónína Einarsdóttir

Heimilisofbeldi gegn börnum er tegund ofbeldis sem fyrst fékk sérstaka athygli við upphaf sjöunda áratugar síðustu aldar. Í fyrstu var talið að slíkt ofbeldi væri óverulegt á Íslandi enda voru fá skráð tilfelli (Ásgeir Karlsson, 1971). Ástæða þessa var talin vera að félagsleg samskipti og fjölskyldu- og vinatengsl væru sterkari hér á landi en erlendis. Það var fyrst á áttunda áratug síðustu aldar sem hið dulda ofbeldi, sem á sér stað í einkalífínu og samskiptum nákominna, fékk aukna umfjöllun á Íslandi (Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson, 2004). Hefð er fyrir því að aðgreina fjórar tegundir ofbeldis, það er líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi, auk vanhírðu. Það að verða vitni að ofbeldi milli foreldra er nú talið vera fimmta tegund ofbeldis (Gilbert o.fl., 2009). Áhrifaþættir ofbeldis eru margbreytilegir og samtvinnuðir en til þeirra teljast m.a. líffræðilegir og persónubundnir þættir, lífsreynsla, félagslegar aðstæður, samfélagsgerð, lagaumhverfi og menning (Krug, Mercy, Dahlberg og Zwi, 2002). Það er t.d. menningarbundið hvaða eiginleikar eru taldir æskilegir og hvernig eigi að styrkja þá og hvaða refsingar eru taldar líkamlega eða andlega skaðlegar (Gershoff o.fl., 2010).

Viðhorf til refsinga og skilgreiningar á ofbeldi gegn börnum hafa breyst í tímans rás. Hugmyndir um uppeldi barna í íslensku bændasamfélagi á 18. og 19. öld endurspeglast í lögum frá árinu 1746 sem bera heitið *Tilskípan um búsgann á Íslandi* en með þessum lögum varð uppeldi barna viðfangsefni löggjafans (Loftur Guttormsson, 1983). Uppeldi einkenndist af vinnuhörku og það var lögbundin skylda að refsa börnum ef þau hlýddu ekki. Barnaverndarlög voru sett árið 1932 og er talið að fyrst þá hafi *Tilskípan um búsgann* verið felld formlega úr gildi (Sigríður María Jónsdóttir, 1998). Líkamlegt og andlegt ofbeldi gegn börnum var bannað með lögum á Íslandi 1. nóvember 2003, eins og fram kemur í barnalögum nr. 76/2003. Það bann reyndist þó ekki fullnægjandi þegar á reyndi. Með samþykkt á Alþingi 16. apríl 2009 var barnaverndarlögum nr. 80/2002 breytt þannig að 1. mgr. 99. gr. laganna orðast svo: „Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum“ (Lög um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum).

Bann gegn líkamlegum refsingum var fyrst sett í lög í Svíþjóð 1979 (Hindberg, 2001). Allt frá þeirri lagasetningu hafa viðhorf Svía breyst þannig að nú telja nánast allir, börn sem fullorðnir, að líkamlegar refsingar eigi ekki rétt á sér. Umfang og eðli heimilisofbeldis gegn börnum hefur ekki verið sérstaklega rannsakað á Íslandi. Rannsókn byggð á gögnum frá 1986 sýndi að um 10% foreldra þótti líkamsrefsingar réttlætanager, um 50% notuðu þær aldrei og um 40% sjaldan, og þá konur aðeins oftast en menn (Júlíusdóttir, 1993). Rannsókn á uppeldisaðstæðum barna frá 1995 sýndi að um 7% foreldra segjast beita líkamlegum refsingum en flestir þeirra sjaldan (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson, 1995). Rannsókn á almennri þekkingu og skilningi barna á ofbeldi inni á heimilum sýna að um 70% barna og 94% unglinga þekkja hugtakið heimilisofbeldi

sem er meiri þekking en í sambærilegri breskri könnun (Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, 2008). Stúlkur hafa oftast heyrt fjallað um heimilisofbeldi en drengir og tæplega fjórðungur þátttakenda þekkja einhvern sem orðið hefur fyrir slíku ofbeldi.

Í þessari grein verður kynntur hluti niðurstaðna eigindlegrar rannsóknar á reynslu Íslendinga af heimilisofbeldi og refsingum. Tekin voru viðtöl við 22 einstaklinga fædda á tímabilinu 1920-1985, 11 karlmenn og 11 konur. Notast var við þægindaúrtak og voru viðmælendur valdir með það að sjónarmiði að hafa jafna kynjaskiptingu og dreifðan aldur og búsetu. Ekki var leitast við að finna einstaklinga sem höfðu reynslu af ofbeldi, en þeir voru ekki útilokaðir frá þátttöku. Þrír spyrjendur tóku viðtölin á tímabilinu 2005-2009. Þau beindust að upplæddi viðkomandi og þá sérstaklega reynslu af refsingum og ofbeldi. Rannsóknin fékk leyfi vísindasiðanefndar.

Hér er fjallað um reynslu viðmælanda af ofbeldi og refsingum sem þeir urðu fyrir af hálfu foreldra sinna. Fyrst er gerð grein fyrir reynslu viðmælanda sem segja að þeir hafi aldrei orðið fyrir líkamlegu ofbeldi eða refsingum. Þá er lýst reynslu þeirra sem segja foreldra sína hafa beitt sig tilfallandi líkamlegu ofbeldi eða refsingum. Loks er fjallað um þá sem lýsa reynslu af endurteknum líkamlegum refsingum eða telja sig hafa verið beitta tilefnislausu ofbeldi.

Engar líkamlegar refsingar

Hópur viðmælanda telja sig aldrei hafa verið beitta líkamlegu ofbeldi. Þessir einstaklingar tilheyra öllum aldurshópum. Æska sumra þeirra einkenndist þó stundum af vanhvirðu og andlegu ofbeldi.

Ung stúlka fædd strax eftir 1980 er skilnaðarbarn og móðirin var alkóhólisti. „Hún var bara alltaf full á kvöldin - maður var að fela þetta - var læst úti þá var hún bara sofandi,“ útskýrir hún. Tveir stjúpar komu tilfallandi inn í líf hennar; annar var „rosa góður“ og „fínt bara við hinn.“ Móðirin beitti hana aldrei líkamlegu ofbeldi en litli bróðir hennar lamdi hana mikið en hann „var alltaf reiður og eitthvað.“ Kona fædd í lok áttunda áratugarins missti ung föður sinn og ólst upp hjá móður sinni á höfuðborgarsvæðinu. Þetta var „frumbyggjahverfi“ og krökkunum var „hleypt út á morgnana og inn á kvöldin.“ Á matmálistímum fóru „mömmurnar út og kölluðu yfir hverfið.“ Hún telur að almennt hafi þau ekki verið „vanrækt þannig“ en „bara allir krakkar léku sér í grunnum og skurðum og pollum.“

Þriðja konan, fædd við upphaf sjötta áratugarins, átti föður sem var sjómaður og voru systkinin mest skilin eftir með drukkinni móðurinni. Elsta systirin annaðist heimilið og hún sjálf „komst upp með ótrúlega mikið.“ Móðirin var alltaf róleg og skammaðist sjaldan en hún varð vitni að því að faðirinn beitti hana ofbeldi, en „hann sló okkur [systkinin] aldrei ... bara gargað og steittur hnefinn.“ Sjálf var hún ekki beitt líkamlegu ofbeldi en hún upplifði vanrækslu og telur að það sé andlegt ofbeldi að alast upp við alkóhólisma.

Kona sem fæddist rétt fyrir miðja síðustu öld og ólst upp í sveit er elsta skilnaðarbarnið. Foreldrarir voru ólík og rifust mikið sem endaði með því að móðirin yfirgaf heimilið. „Það var ekki hægt að leyna neinu í einni baðstofu,“ segir hún og það var erfitt að hlusta á deilur foreldranna. Hún grét oft og mest vegna þess að faðir hennar særði hana með harkalegum tilmælum. Móðirin var yfirleitt góð við hana en sinnti henni lítið. Eldri systir hennar var dugleg að sauma og þrjóna en hún „vildi heldur moka flórinn“ og „talaði við hundana og hestana.“ Konunni finnst hún hafa verið „eins og smali á heimilinu ... en það var ekkert af okkur lamið, nei, aldrei. Ég væri sorglegur lygari ef ég segði það.“

Andstætt þeim konum sem lýst er hér að ofan telur kona fædd í lok sjötta áratugarins foreldra sína vera „mjög skynsam og gott fólk“ sem sinntu börnum sínum

af ábyrgð. Móðirin skammaðist kannski svolítið en faðirinn ógjarnan. Móðirin flengdi bróður hennar einu sinni og fékk mikið samviskubit fyrir. „Þau fá hrós en ... innst inni vissi maður að mamma væri stolt af manni ef maður stóð sig vel, en það var aldrei sagt við mann,“ segir hún. „Maður ... átti bara að gera sitt besta og átti ekkert að vera að hreykja sér af því.“

Tvær konur, fæddar með hálftrar aldar millibili, segja að þær hafi aldrei verið beittar líkamlegu ofbeldi af hálfu foreldra sinna en voru flengdar af öðrum umönnunaraðila. Sú eldri ólst upp í sjávarþorpi hjá heimavinnandi móður og föður sem „vann tvö og þrefalda vinnu.“ Hún fékk oft ekki að fara út með vinkonum vegna anna, en hún var aldrei barin heima þó það hafi verið síður að rasskella krakka á þeim tíma. Henni er minnisstætt að starfskona sjúkrahúss, þar sem hún var sem barn vegna berkla, flengdi hana þegar hún hafði grátið alla nóttina vegna þess að túttan hennar týndist. Hún dvaldi þar heilt ár án þess að fá að hitta foreldra sína. Yngri konan, sem er skilnaðar-barn, segir að hún hafi aldrei verið beitt ofbeldi, en það „hefði kannski mátt vera meiri mörk.“ Móðirin, sem annaðist uppeldið, skammaði hana og henni var „hent inní herbergi“ þegar hún var óþekk. Amman, sem bjó á heimilinu, flengdi hana einu sinni, nokkuð sem reiddi móðirina.

Þrír einstaklingar fæddir á millistríðsárunum telja sig ekki hafa verið beitta líkamlegu ofbeldi en mikil vinna er þeim hugleikin. Kona sem ólst upp í sjávarbyggð minnst ekki líkamlegra refsinga á heimilinu en til áréttingar var „bara talað hátt.“ Faðir hennar var hins vegar hýddur með vendi af móður sinni. Vegna brunaskaða var henni hlíft við þungum verkum. Hún annaðist því eldamenskuna frá 12 ára aldri og fékk sjaldan að vera úti með vinkonum vegna anna. Önnur kona fædd á tímabilinu man bara góða æsku en mikla vinnu. Faðirinn var verkamaður við sjóinn og móðirin annaðist uppeldið en vann líka verkamannavinnu þegar færi gafst. Það var ýmislegt bannað en hún var aldrei „flengd eða svoleiðis.“ Móðirin hristi börnin þegar þau voru óhlýðin og hótaði með föðurnum. Átta ára var hún „lánuð fyrst til að passa börn“ yfir sumarmánuðina til að létta á heimilinu.

Tveir karlmenn fæddir með tæplega sextíu ára millibili telja að þeir hafi aldrei verið beittir líkamlegu ofbeldi af hálfu foreldra sinna. Sá yngri fékk „hefðbundið uppeldi“ sem móðirin annaðist. Faðirinn var sjómaður og móðirin „notaði kallinn sem Grýlu“ og hristi hann kannski einhvern tíma: „Virkaði sko ... Maður vissi alveg upp á sig sökina. Þú áttir að koma heim kl. 10 og þú varst þá látinn koma heim kl. 10.“ Eldri karlmaðurinn ólst upp í Reykjavík og segist hann aldrei hafa verið barinn á lífsleiðinni. Faðir hans vann mikið við fyrirtæki sitt og móðir hans annaðist barnauppeldið. Hann hafði nokkuð frelsi en þurfti líka að hjálpa föðurnum sem skammaði hann eftir aðstæðum, en „það var aldrei beitt neinu ofbeldi.“ Móðirin stjórnaði með rólegheitum. Hann varð oft vitni af því að félagar hans voru löðrungaðir, sérstaklega af mæðrum sínum: „Maður náttúrulega horfði á þetta og fannst þetta leiðinlegt og vildi loka augunum fyrir því.“

Tilfallandi líkamlegar refsingar

Margir viðmælendur benda á breytt viðhorf til flenginga – einu sinni var það ekkert tiltökumál að rassskella óþekka krakka en í dag er það bannað. Fimm einstaklingar, fjórir karlmenn og ein kona, minnst þess að hafa verið flengdir einu sinni af öðru foreldra sinna, þar af þrisvar af móður og tvisvar sinnum af föður. Auk þess flengdi faðir einu sinni dóttur fyrir áeggjan móður. Einn viðmælandi hafði reynslu af tunguþvætti sem lausn á ljótu orðbragði. Viðmælendur leggja áherslu á að um einstakan og eftirminnilegan atburð var að ræða og þeir telja sig gjarnan hafa átt refsinguna skilið.

Ungur karlmaður, sem ólst upp í sjávarþorpi segist hafa verið „alveg húðskammaður... fyrir að hafa sko slegið á móti“ þegar hann lenti í slagsmálum. Móðir hans, sem var beitt alvarlegu ofbeldi af áfengissjúkri móður sinni, mislíkaði slagsmálin. Honum er því mjög minnstætt þegar hún rassskellti hann einu sinni í reiðiskasti og að hún sá mikið eftir því. Þessum unga manni finnst hann hafa upplifað „fyrirmyndar uppeldi í bókstaflegri merkingu.“ Það var enginn skammarkrökur og engar hótanir, bara skammir. Annar ungur maður um þrítugt segir sig hafa verið flengdan einu sinni af föður sínum: „hann lagði nú lítið í það en það var sárt svona fyrir litla stráka sko.“ Hann vissi uppá sig skömmina. Foreldrar hans rifust stundum, enda bæði mikið skapfólk, en það var ekki um neitt líkamlegt ofbeldi að ræða.

Karlmaður um fertugt, sem var alinn upp á höfuðborgarsvæðinu, var örverpið og átti bara „mjög gott uppeldi, frjálst svona nokkuð jöfnu, pabbi var svona eilítið strangur.“ Foreldrar hans áttu reyndar við tímabundið áfengisvandamál að stríða og það „markar alltaf aðeins sálina.“ Hann man eftir því að hafa verið rassskelltur einu sinni af föður sínum: „Ég var trylltur af frekju þegar það var. En það var ekki fast... ég átti ekki von á þessu, ég hélt að ég kæmist upp með allt.“ Hann varð hvorki sár né reiður og vissi uppá sig sökina. Annar karlmaður um fimmtugt ólst upp á „ósköp venjulegu“ heimili foreldra sinna í nágrenni Reykjavíkur og móðir hans sá að mestu um uppeldið. Hann „telur“ að hann hafi verið flengdur einhvern tímann á rassinn „svona léttvægilegt.“ Hann minnst þess þó betur að faðir hans dýfði höfði hans í kaldan læk eftir að hann hafði í tvígang bleytt sig á ferðalagi. Hann lét vera að leika sér í vatni um stund og hlaut ekki mein af refsingunni, enda „bara saklaust vatn.“

Karlmaður fæddur á stríðsárunum er einbirni og átti mjög ánægjulegt uppeldi hjá foreldrum sínum í einu af hálfbyggðum hverfum höfuðborgarsvæðisins. Móðirin sá mest um uppeldið en faðirinn vann mikið. Hann var mest skammaður en var þó einu sinni flengdur þegar hann skreið út um gluggann á stuttbuxum. „Það getur alveg verið að einhver hafi tekið í öxlina á mér og hrist mig eitthvað til,“ segir hann. Verslunarmaður í hverfinu beitti drengi kynferðislegu ofbeldi en hann sjálfur „var heppinn“ og slapp.

Kona á sextugsaldri ólst upp hjá foreldrum sínum í sjávarþorpi. Þar var mikið ofbeldi: „Þetta er svona eins og lítil útgáfa af Djöflaeyjunni... maður þekkti hvern einasta karakter þar.“ Faðirinn flengdi hana einu sinni fyrir áeggjan móðurinnar en það var honum þvert um geð. Hann var hæglátur, sagði fátt og hafði alltaf á hreinu hvaða reglur voru í gangi og hvað ekki. Hann sló hana einu sinni utan undir og móðir hennar gerði það líka en bæði báðust þau fyrirgefningar eftir á. Faðir konunnar var alinn upp við að vera flengdur með hrísvendi og föðuramma, sem bjó á heimilinu, átti slíkan vönd og hótadi að flengja systkinin með honum. Eiginmaður hennar ólst upp við mikið ofbeldi, tekinn steinbítstaki og barinn. Tengdforeldrarnir voru „sveitafólk, eftirstríðsaráfólk“ sem kom til Reykjavíkur og voru mömmurnar yfirleitt heima „og strákarnir erfiðir og þær voru grimmar.“ Hún varð vitni að því að móðir ungs manns í hverfinu sló hann undir rifbeinin. Eins sá hún tengdamóður sína slá son sinn, þá rúmlega tvítugan, harkalega á gagnaugað.

Karlmaður meðal yngstu viðmælendanna var litla barnið í fjölskyldunni og ódæll. Foreldrarnir skildu og móðirin sá mest um uppeldið, sem var „frekar frjálst.“ Hann var aldrei barinn en oft skammaður og móðir hans þvoði tungu hans með sápu þegar hann var orðljótur. Hún lokaði hann einnig inni og tók frá honum dót í refsingarskyni. Þessi ungi maður telur ekkert hafa dugað til þess að hann bætti hegðun sína nema þá helst „að skilja vonbrigði“ móður sinnar. Faðirinn var mest „svektur og hissa“ á tiltækjum sonarins. Sjálfur leit hann á það sem heimilisofbeldi að eiga aldrei fjarstýrðan bíl eða leikjatölvu.

Endurteknar líkamlegar refsingar og annað ofbeldi

Nokkrir einstaklingar voru reglulega flengdir, ýmist eingöngu af mæðrum sínum eða báðum foreldrunum þegar þeir höfðu brotið af sér. Öllum finnst þeir hafa átt refsinguna skilið og telja sig ekki hafa hlotið mein af. Ein kona telur sig hafa verið beitta tilefnislausu alhliða ofbeldi af hálfu foreldra sinna.

Elsti viðmælendinn upplifði það sem kalla má endurteknar líkamlegar refsingar. Móðirin stjórnaði innan húss og faðirinn utan dyra. Sagt var að faðir hans hafi verið „full harður við strákana.“ Má því ætla að þeir hafi verið látnir vinna meira en eðlilegt þótti á næstu bæjum. Faðirinn taldi að ef „krakkarnir hafa nóg af svefni og nóg af borða þá verður þeim ekki ofboðið.“ Þrældómur var óþekkt hugtak. Sjálfur byrjaði hann að slá við átta ára aldur og þá með orfi og ljá. Það þótti eðlilegt en verst var að „fullorðna fólkið skynjaði ekki að krakkar yrðu fyrr svangir heldur en fullorðnir.“ Viðmælenda þótti verst framkoman við vandalaus smala sem voru „úti allan daginn yfir rollunum í hvaða veðri sem var.“ Ef það vantaði kind var smalinn sendur að leita áður en hann fékk mat. Það þótt sjálfsagt að flengja krakka sem hlýddu ekki eða létu vera að sinna verkum sínum af alúð: „Ekki að væri hneppt ofan um... ég þekkti það nú ekki að það væri með vendi en áður var það nú.“ Hann telur sig oftast hafa átt skilið þær refsingarnar sem hann fékk, þetta hafi verið „eðlilegur lífsmáti“ sem „hefur ekkert komið og farið inn á sálarlífið.“ Hann hlær og bætir við: „Það er erfitt að hemja hundrað flær á hörðu skinni og þúkur tvær á palli inni... það eru allir krakkar á öllum tíma sem að leita í frjálsræðið og að vera með félögum.“

Karlmaður fæddur strax eftir seinna stríð var kominn í fulla vinnu á áttunda ári. Hann var atorkusamt barn og þegar hann fór út fyrir eðlileg mörk gaf faðir hans honum kinnhest. Honum var refsað þannig að yngri bræður hans „skildu alveg og lærðu alveg þessi mörk.“ Líkamsrefsingar þóttu eðlilegar og „maður fékk ekki svona refsingu nema maður ætti hana í raun og veru skilið... Þannig að þetta var ekki ofbeldi, þetta var refsing.“ Móðirin var umhyggjusöm, gerði miklar kröfur og refsaði honum með sama hætti og faðir hans: „það var ekki um neitt ofbeldi að ræða af hendi foreldra minna... ekkert nema kærleikur og ástríki frá þeirra hendi. Það var ég sjálfur sem skóp mér refsinguna.“ Þegar viðmælendinn kom fyrst til Reykjavíkur var hann varaður við braggahverfunum, en „þar voru alveg eitilharðir hrekkjalómar sem að réðust á svona sveitakrakka sem að hvorki skynjuðu eitt né neitt... Maður sá þetta bara í Djöflaeyjunni.“

Tæplega fertugur karlmaður, sem býr í litlu sjávarþorpi þar sem hann ólst upp, telur að það hafi verið „bara eðlilegur þáttur í að ala upp börnin sín að rassskella þau.“ Móðirin sá alltaf um rassskellingarnar en faðirinn, sem var alltaf að vinna, skipti sér lítið af uppeldinu. Hann upplifði ekki að hann hafi orðið fyrir ofbeldi í æsku: „Mamma rassskelti okkur ekkert mjög oft... flengdi bara með hendinni. Ef maður var verulega óþekkur þá var það bara á beran bossann.“ Þetta fékk ekkert á hann til lengri tíma lítið, „en auðvitað var þetta hræðilegt þegar maður var rassskeltur.“ Viðmælendinn flengdi börn sín þegar þau voru óþekk þangað til móðir hans sagði honum að það væri ekki rétt að flengja börn – hún hafði lesið sig til um það. Hann byrjaði því

að loka börnin inni í refsingarskyni, en þá hafði móðir hans einnig lært að það væri ekki heppileg leið til að refsa börnum. Hann hætti því að loka þau inni en tekur af þeim hluti sem eru þeim mikilvægir þegar þörf er á refsingum.

Karlmaður um fertugt segir að þegar hann ólst upp hjá einstæðri útivinnandi móður á höfuðborgarsvæðinu „og maður kom ekki inn á réttum tíma þá fékk maður skell á rassinn frá mömmu.“ Sama refsing gilti um vini hans: „Þetta var eðlilegt... maður gerði sér alveg grein fyrir því að ef maður gerði eitthvað rangt þá var maður háttáður niður í rúm og fékk ekkert að fara út með sínum vinum. “Systir hans fékk sambærilega refsingu og „örugglega miklu verri... hún er eldri.“ Hann þekkir marga sem eru nýtir þjóðfélagsþegnar þrátt fyrir flengingar, tímarnir breytist og „við getum ekki pakkað öllum inn í bómull og ætlast til þess að þjóðfélagið gangi ef engin agi er.“

Einn viðmælenda, kona á fertugsaldri, telur sig hafa upplifað gróft líkamlegt og andlegt ofbeldi og vanhirðu af hálfu beggja sinna foreldra bæði undir áhrifum áfengis og án þess. Hún telur að ofbeldið hafi byrjað þegar hún var sjö ára, en þá flutti fjölskylda til sveitarfélags á höfuðborgarsvæðinu. Hún minnst þess að hafa hlaupið „inn á milli þegar pabbi var að lemja mömmu“ og sagt honum að lemja heldur sig. Henni fannst alltaf einkennilegt að móðir hennar hjálpaði henni ekki í þeirri stöðu. Móðirin byrjaði að berja hana á unglingsárunum eftir að foreldrarnir skildu. Hún telur andlega ofbeldið verra en það líkamlega: „Beta að láta berja sig einu sinni heldur en gusan held ég... Þá var þetta bara eitt högg og allt búið, hitt bara grubblar inni hausnum á manni eins og ég veit ekki hvað.“ Verra var þegar móðir hennar sagði að hún væri ljót, hæddist að henni eða hræddi hana. Ofbeldið markar allt líf konunnar og var ljóst öllum sem þekktu til hennar. Hún telur að stofnanir samfélagsins hafi brugðist henni og systkinum hennar með því að láta það viðgangast.

Lokaorð

Hafa ber í huga að úrtak þeirrar rannsóknar sem hér er kynnt er ekki tilviljanakennt og því ekki hægt að segja til um tíðni tiltekinna tegunda refsinga eða meta orsakasamband. Ljóst er þó að breytt viðhorf til ofbeldis og ásettanlegra refsinga endurspeglast í frásögnum viðmælenda. Ætla má af samtölunum að þekking á skaðsemi harkalegra refsinga fyrir börn ráði miklu um breytt viðhorf. Slík áhrif eru koma m.a. fram í frásögn ungs föður, eins og lýst er hér að ofan. Hann endurskoðaði beitingu refsinga barna sinna í samráði við móður sína, en hún hafði þó beitt hann sjálfan skipulega líkamlegum refsingum. Einnig má ætla að aukin umræða um réttindi barna hafi haft áhrif. Viðmælendum sem fæddir eru fyrir seinni heimstyrjöldina er tíðrætt um vinnu-hörku, hlýðni, virðingu og ábyrgð. Þeir eru sammála um að hafi barn ekki hlýtt tilskipun eða brotið af sér þótti sjálfgefið að beita líkamlegum refsingum. Það er þó hópur einstaklinga fæddir á þessu tímabili sem aldrei hlutu slíka refsingu. Þeir viðmælendur sem lifðu æskuárin í hálfbyggðum hverfum höfuðborgarsvæðisins eftir-stríðsáranna minnst þess að hafa verið hleypt út að morgni og inn að kvöldi. Reglulegar líkamlegar refsingar eru enn algengar fram á áttunda áratug síðustu aldar. Afskiptaleysi er áberandi og það einkennir einnig frásagnir yngstu viðmælendanna sem fæðast upp úr 1970. Aukin meðvitund um að ekki skuli refsá barni með líkamlegu aða andlegu ofbeldi verður áberandi. Einstaka flengingar, sem viðkomandi er minnisstæð, eiga sér stað og stundum fylgir lýsing á samviskubiti foreldra yfir að hafa látið skapið hlaupa með sig í gönur.

Það er viðmælendum sameiginlegt að mæðurnar sáu mest um uppeldið og þær refsðu þeim oft harkalega. Konurnar í hópi viðmælenda segja þó síður frá líkamlegum refsingum í æsku en karlarnir. Hvoru tveggja er í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna (Grogan-Kaylor og Otis, 2007). Viðmælendur velta allir fyrir sér hvernig þeir hafi verið sem börn og flestir gefa sér að yngsta barnið sé eftirlæti

foreldra sinna og kenni því síður á reiði þeirra. Mestu skipti hversu ódæll viðkomandi var og sjálfgefið þykir að óþekktum börnum sé refsað harkalega. Flest allir töldu sig hafa verðskuldað þá líkamlegu refsingu sem þeir fengu og telja sig ekki hafa hlotið mein af. Þessar hugmyndir samræmast að mestu niðurstöðum rannsókna, nema hvað flestar rannsóknir benda til skaðsemi líkamlegra refsinga (Gershoeff o.fl., 2010).

Þær niðurstöður sem hér eru kynntar vekja upp spurningar og gefa tilefni til frekari rannsókna. Athygli vekja m.a. frásagnir kvenna, sem telja sig aldrei hafa verið beittar líkamlegum refsingum, um mikla vanrækslu og andlegt ofbeldi þegar þær voru börn. Hvað veldur því að hópur einstaklinga sem ólust upp á tímum þegar líkamlegar refsingar þóttu eðlilegar var aldrei beittur slíkum refsingum? Þá er áhugavert að skoða áhrifaþætti breytinga á viðhorfum til refsinga og ofbeldis og með hvaða hætti sú breyting hefur átt sér stað.

Heimildir

- Ásgeir Karlsson. (1971). The battered child syndrome in Iceland. *Nordisk Psykiatrisk Tidsskrift*, 25(2), 112-118.
- Gershoff, E. T., Grogan-Kaylor, A., Lansford, J. E., Chang, L., Zelli, A., Deater-Deckard, K. o.fl. (2010). Parent discipline practices in an international sample: Associations with child behaviors and moderation by perceived normativeness. *Child Development*, 81, 487-502.
- Gilbert, R., Widom, C. S., Browne, K., Fergusson, D., Webb, E., og Janson, S. (2009). Burden and consequences of child maltreatment in high-income countries. *The Lancet*, 373, 68-81.
- Grogan-Kaylor, A. og Otis, M. D. (2007). The predictors of parental use of corporal punishment. *Family Relations*, 56, 80-91.
- Hindberg, B. (2001). *Ending corporal punishment. Swedish experience of efforts to prevent all forms of violence against children – and the results*. Stockholm: Ministry of Health and Social Affairs/Ministry for Foreign Affairs.
- Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson. (2004). *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi: Höggva-hýða-birta-hæða-bóta-hafna-brista-bræða*. Reykjavík: Miðstöð heilsuverndar barna og Umboðsmaður barna.
- Júlíusdóttir, S. (1993). *Den kapabla familien i det isländska samhället: en studie om lojalitet, äktenskapsdynamik och psykosocial anpassning*. Doktorsritgerð: Háskólinn í Gautaborg.
- Krug, E. G., Mercy, J. A., Dahlberg, L. L. og Zwi, A. B. (2002). The world report on violence and health. *The Lancet*, 360(9339), 1083-1088.
- Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir. (2008). Mörg íslensk börn hafa vitneskjuna: Um þekkingu og skilning barna á ofbeldi á heimilum. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 84(5), 46-54.
- Loftur Guttormsson. (1983). *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld, tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Lög um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002.
- Sigríður María Jónsdóttir. (1998). *Upphaf barnaverndarmála*. Óbirt BA ritgerð: Háskóli Íslands, Lagadeild.
- Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson. (1995). *Barnafjölskyldur: samfélag, lífsgildi, mótun. Rannsókn á bögum foreldra og barna á Íslandi*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.